

AUGLÝSING

99
31. des.

um aðild Íslands að samningum um réttindi Evrópuráðsins.

Hinn 11. marz 1955 var framkvæmdastjórn Evrópuráðsins afhent aðildarskjal Íslands að samningi, gerðum í París 2. september 1949, um réttindi Evrópuráðsins, ásamt viðbótarsamningi við hann gerðum í Strassborg 6. nóvember 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 31. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

100
31. des.

um viðbótarsamninga við samninginn frá 7. desember 1944 um alþjóðaflugmál.

Hinn 5. júlí 1955 veitti framkvæmdastjóri Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í Montreal (I. C. A. O.) móttöku fullgildingarskjölum Íslands að viðbótarsamningum, gerðum í Montreal 14. júní 1954, við alþjóðasamninginn frá 7. desember 1944, um alþjóðaflugmál (Stj.tíð. A. 45/1947).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 31. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

101
31. des.

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París 19. desember 1955 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1956.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 31. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.